

Ársskýrsla Fagdeildar um áfengis- og vímuefnamál – starfsemi apríl 2025- apríl 2026

Fagráð skipa:

- • Soffía Hjördís Ólafsdóttir
- • Ísabella Björnsdóttir
- • Kristín Þórðardóttir
- • Elísabet Kristjánsdóttir
- • Erla Björg Sigurðardóttir, sem jafnframt gegnir hlutverki talsmanns fagráðsins.

Allir aðilar að undanskildum talsmanni gefa ekki kost á starfskröftum sínum á komandi tímabili.

Fundir fagráðs á tímabilinu voru 3.

Á málstofu fagdeilda á Fálgsráðgjafabíngi 20. febrúar 2026 var samþykkt í samvinnu við fagdeild um heilbrigðiamál að sameina deildirnar.

Málstofa fagdeildar í samvinnu við Félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands

Á málstofunni var fjallað um:

- Rannsókn á þróun bataauðs meðal einstaklinga í langtímameðferð á Íslandi.
- Félagslega stöðu einstakling í langtímameðferð.

Fjallað var um erindin í þættinum Samfélagið á rás 1 á RUV og í þætti hjá Samstöðinni.

Þróun í málaflokknum

Áframhaldandi þróun hefur verið í málaflokknum hvað varðar úrræði með skaðaminnkandi áherslu í Reykjavík. Aukið hefur verið við búsetuúrræði og félagslegan stuðning. Færri leita skjóls hjá gistiskýlum og gistinóttum hefur fækkað. Þó er langt í land að úrræði almennt mæti þörfum þeirra sem eiga við vímuefnavanda að etja:

- Töluvert úrræðaleyfi varðandi langtímaeftirfylgd að meðferð lokinni með stuðningi við batamiðuð úrræði.
- Engin úrræði eru fyrir konur sem eiga við áfengis-og/eða annan vímuefnavanda að etja og verða fyrir heimilisofbeldi.
- Auka þarf forvarnir og snemmtæka íhlutun. Mikilvægt að grípa inn áður en vandinn verður mjög flókinn. Til dæmis með snemmtækri geðheilbrigðisþjónustu, stuðningi við börn og ungmenni o.s.frv.

- Eins og mörg undnfarin ár er mikið úrræðaleysi í málefnum einstaklinga með áfengis-og annan vímuefnavanda sem eru yngri en 18 ára.
- Skortur á batamiðuðum úrræðum fyrir 18 ára og eldri, má nefna að langir biðlistar eru eftir meðferðarúrræði hjá aðilum sem reka meðferð fyrir einstaklinga með vímuefnaröskun. Einnig er heimilisleysi áberandi meðal þeirra sem dvelja á áfangaheimilum að lokinni meðferð. Biðlistar eru einnig á áfangaheimili sem eru öll á höfuðborgarsvæðinu. Úrræðaleysi veldur því skorti á samfellu í málefnum heimilislausra sem fara í meðferð vegna vímuefnaröskunnar. Langir biðlistar eru eftir endurhæfingu að lokinni meðferð sem er hluti af bataferli sem þá ekki hefur samfellu og getur stuðlað að bakfalli rétt eins og heimilisleysi. Verulegar brotalamir eru á langtímaeftirfylgd og úrræðum gegn bakslagi. Skortur var á samfelldri og einstaklingsmiðaðri eftirfylgd, sem getur aukið hættuna á bakslagi.
- Staða þekkingar á eðli þessa vanda er að nauðsynlegt er að viðhafa samstillt starf meðferðaraðila, félagsþjónustu, starfsendurhæfingar og búsetuúrræða sé lykilþáttur í áframhaldandi bata þátttakenda að lokinni meðferð. Félagsráðgjafar gegna þar lykilhlutverki, bæði í tengingu þjónustu og í stuðningi við einstaklinga í átt að sjálfstæðum og stöðugum bata.
- Skortur er á rannsóknum á fjölda og högum einstaklinga með áfengis-og eða annan vímuefnavanda á Íslandi.

26. apríl 2026

Erla Björg Sigurðardóttir,
Talsmaður Fagdeildar um áfengis-og vímuefnamál